

Fundur Öldungaráðs 30. janúar 2019

Mættir:

Elísabet Valgeirsdóttir, Elínbjörg Ingólfssdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt

Þórarinn Þórhallsson var kosinn varaformaður Öldungaráðs og boðin velkominn til starfa.

2. Fundur Öldungaráðs með Fjölskylduráði 12. desember 2018

Formaður fór yfir það sem fram fór á fundinum. Elsa Guðrún Jóhannsdóttir, rekstrarfulltrúi fór yfir þætti í rekstraráætlun bæjarins sem snúa að málefnum eldri borgara. Almenn ánægja var meðal fundarmanna með þennan fund sem þótti upplýsandi.

3. Reglur Öldungaráðs

Drög að reglum Öldungaráðs voru yfirfarin og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á fundi ráðsins, og send Fjölskylduráði til umsagnar og afgreiðslu. Reglurnar byggja á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/2018 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

4. Heimasíða sveitarfélagsins

Fram kemur að upplýsingar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar er lúta að eldra fólki í sveitarfélaginu þarfnast uppfærslu. Fram kom á fundinum að slík vinna fer fram þessa dagana í ljósi nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ákveðið að linkur á heimasíðu og fésbókar síðu Félags eldri borgara verði settur inn á heimasíðu sveitarfélagsins og þannig tryggt að ætíð séu réttar upplýsingar um starfsemina aðgengilegar.

5. Önnur mál

Fram kom á fundinum að gjaldskrárbreytingar er snúa að málefnum eldri borgara hafa hækkað sem nemur 3% vísitöluhækkun.

Ofangreind fundargerð er samþykkt af öllum fundarmönnum og fer á heimasíðu sveitarfélagsins.